

**1. fundur Fræðslunefnd haldinn Strandgötu 38, mánudaginn 4. júlí 2022
og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Gerður Rán Freysdóttir (GRF), Anna Kristín Gylfadóttir (AKG), Ágústa Ósk Aronsdóttir (ÁÓA), Birna F Hannesdóttir (BFH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Fyrsti fundur nýrrar fræðslunefndar á nýju kjörtímabili.

Formaður bauð fundarfólk velkomið og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund nr. 1 lögmetan.

Dagskrá:

1. Varaformaður Fræðslunefndar - 2207004

Kjör varaformanns Fræðslunefndar.

Samþykkt samhljóða að Anna Kristín Gylfadóttir verði varaformaður Fræðslunefndar.

2. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206069

Tillaga að erindisbréfi Fræðslunefndar. Mál frá 593. fundi sveitarsjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.06.2022.

Lagt fram. Uppfærð útgáfa af erindisbréfi verður lögð fram á næsta fundi nefndarinnar í samræmi við umræður á fundinum.

3. Starfsáætlun Fræðslunefndar - 2207005

Starfsáætlun fræðslunefndar til vors 2023.

Samþykkt samhljóða að fundir nefndarinnar verði að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði, annan miðvikudag mánaðarins kl. 14:30. Næsti fundur nefndarinnar mun þó fara fram mánudaginn 8. ágúst.

4. Umbótaáætlun Tálknafjarðarskóla - 2205090

Erindi frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu dags. 02.05.2022 þar sem upplýsinga er óskað um framkvæmd umbóta við Tálknafjarðarskóla ásamt svarbréfi skólastjóra Tálknafjarðarskóla dags. 27.05.2022. Jafnframt er lagt fram erindi frá ráðuneytinu dags. 14.06.2022 þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins á því hvernig sveitarfélagi og skóla hefur tekist að vinna að umbótum á skólasterfinu í kjölfar úttektarinnar.

Fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps staðfestir framlagða skýrslu skólastjóra Tálknafjarðarskóla um framkvæmd umbóta við skólann og telur að vel hafi tekist til við að vinna að umbótum á skólasterfinu.

5. Innra matsskýrsla 2022 - 2207006

1. fundur
24.08.2022

Skýrsla vegna innra mats Tálknafjarðarskóla skólaárið 2021-2022.

Skýrslan lögð fram. Fræðslunefnd lýsir yfir ánægju með markvisst og faglegt skólastarf í Tálknafjarðarskóla sem birtist í innra matinu.

6. Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2021- 2022 - 2108095

Minnisblað frá skólastjóra dags. 04.07.2022 lagt fram vegna upplýsinga um stöðu ýmissa verkefna.

Lagt fram og rætt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:50.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Gerður Rán Freysdóttir (GRF)

Anna Kristín Gylfadóttir (AKG)

Ágústa Ósk Aronsdóttir (ÁÓA)

Birna F Hannesdóttir (BFH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ)